



Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð nr. 415/2014 og tilskipun 1272/2008/EEC.

1. kafli: Auðkenning	
Söluheiti vöru	Steinsteypa skv. ÍST EN 206:2013
Vörunúmer	05120000-05909999
Notkun	Steinsteypa í mannvirki
Dreifingaraðili	Steypustöðin ehf, Malarhöfða 10, 110 Reykjavík, sími 440 0400, netfang steypustodin@steypustodin.is
Viðbragðsaðilar í neyðaraðstæðum	Neyðarlínan, sjúkrabífreið, slökkvilið og lögregla: sími 112 Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. kafli: Þekkt áhætta	
Hættuflokkun (sjá texta í kafla 15)	H315 H317 H318 H335 H372 H316 H411 
Húð	Snerting við mjög basískar lausnir eins og steypu getur valdið taugaskemmdum. Efnafræðileg brunasár geta komið fram án þess að viðkomandi viti af því þar sem þeir finna ekki fyrir neinum sársauka. Snerting við blauta steypu getur valdið ætiskemmdum á húð. Við blöndun myndast kalsíumhýdroxíð, sem verkað getur ætandi á húð. Ertandi snertihúðbólga getur orsakast af blöndu af bleytu, basa og slípiefni tilbúinnar steypu. Ofnæmishúðbólga getur orsakast af einstaklingsnæmi fyrir króm efnasambanda í sementi.
Augu	Blaut steypa sem kemst í snertingu við augu getur valdið alkalíbruna, sem getur leitt til blindu.
Inntaka	Ólíklegt er að lítið magn af ferskri steypu sem er kyngt valdi verulegum viðbrögðum. Aukið magn getur valdið ertingu í maga og þörmum.
Innöndun	Ryk getur valdið ertingu í öndunarfarum og hósta. Ekki er líklegt að blaut steypa myndi ryk, en fínt ryk getur myndast við yfirborðsmeðhöndlun steypu og við skurð eða borun á hertri steypu. Endurtekin eða langvarandi innöndun slíks ryks eykur hættu á lungnasjúkdómum.

3. kafli: Samsetning / upplýsingar um innihald				
Efni	CAS-Nr.	EB-nr.	Styrkur [%]	Hættuflokkun
Sement	65997-15-1	266-043-4	5 - 40	H315,H317,H318,H372
Fylliefni	-	-	50 - 80	-
Íblöndunarefni	-	-	0 - 5	H316,H318,H411
Vatn	-	-	5 - 15	-

**4. kafli: Skyndihjálþ**

Snerting við húð	Ef blaut steypa kemst í snertingu við húð skal strax þvo hana af með sápu og miklu vatni. Ef stígvél, hanskar eða fatnaður mengast af steypu skal strax fara úr viðkomandi flik og þvo hana áður en hún er notuð aftur.
Augu	Ef steypa berst í auga skal varast að nudda það. Strax skal skola augað vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægja skal snertilinsur. Ef erting er viðvarandi skal leita læknis og halda skolun áfram þar til hann tekur við meðhöndlun. Sýnið öryggisblöðin.
Inntaka	Tryggja skal ferskt loft. Ef einstaklingur er með meðvitund skal strax skola munn og háls inn og gefa síðan vatn eða mjólk að drekka. EKKI skal framkalla uppköst. Hafa skal viðkomandi undir eftirliti, leita strax læknis og sýna öryggisblöðin.
Innöndun	Tryggið hreint loft og hvíld undir eftirliti. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi og sýnið öryggisblöðin.

5. kafli: Viðbrögð við eldsvoða

Steypa er hvorki eldfim né brennanleg	
Hentug slökkviefni	Á ekki við
Óhentug slökkviefni	Á ekki við
Sérstök áhætta við bruna	Engin
Sérstakur hlífðarbúnaður fyrir slökkviliðsmenn	Enginn

6. kafli: Efnaleki

Persónulegar varúðarráðstafanir	Forðast skal snertingu við augu og langvarandi snertingu við húð. Nota skal ógegndræpan fatnað, hanska og stígvél. Nota skal augnhlíf í samræmi við leiðbeiningar um persónuhlífar í kafla 8. Sjá kafla 7 varðandi leiðbeiningar um meðhöndlun vörunnar.
Umhverfisvarnir	Koma skal í veg fyrir að blaut steypa komist í vatnsföll, skurði og niðurföll.
Hreinsunaraðferð	Hreinsa skal allan leka áður en steypa harðnar, með því að nota sog eða þar til gerðan vélrænan búnað og setja í heppleg ílát til förgunar.

7. kafli: Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun	Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Forðist snertingu við húð og augu. Blaut steypa getur valdið alvarlegum alkalíbruna ef hún er beinni snertingu við húð eða augu. Sambland af bleytu, basa og slípiefni tilbúinnar steypu getur valdið sýkingu í húð ef steypa kemst í snertingu við húð. Bólgur í húð geta myndast sem ofnæmisviðbrögð hjá einstaklingum með ofnæmi fyrir efasamböndum króms sem geta fundist í steypu. Ekki skal sitja eða krjúpa á blautri steypu án þess að vera með réttar persónuhlífar. Ef steypa kemst ofan í stígvél eða hanska, eða mettar fatnað, ætti að fara úr viðkomandi flik þvo hana áður en hún er notuð aftur. Vísad er til 8. kafla um leiðbeiningar um persónuvernd.
-------------------	---



Geymsla	Tilbúin steypa er venjulega notuð strax eftir blöndun. Ef þörf er á er hægt að seinka hörðun hennar með íblöndunarefnum sem lengja þá tímabilið sem taka þarf tillit til þeirra varúðarráðstafana sem getið er í þessu öryggisblaði og þann tíma sem koma skal í veg fyrir aðgang óviðkomandi aðila.
----------------	--

8. kafli: Þolmörk og persónulegur hlífðarbúnaður

Gerið ráðstafanir til að koma í veg fyrir:	a) Beina snertingu húðar eða auga við blauta steypu. Það er líka mikilvægt að krjúpa ekki eða sitja á blautri steypu því skaðleg snerting getur orðið í gegnum mettaðan fatnað. b) Innöndun ryks sem myndast við yfirborðsmeðhöndlun og skurð á harðri steypu sem getur innihaldið kvars. Ef andað er í miklu ryki í langan tíma getur innöndunarryk sem inniheldur kvars valdið langvarandi heilsuvandamálum.				
Leyfileg þolmörk	Hámarksgildi ryks	W.E.L.	10 mg/M ³	T.W.A.	8 klst.
	Innandanlegt ryk	W.E.L.	4 mg/M ³	T.W.A.	8 klst
	Innandanlegt kísilryk (SiO ₂)	W.E.L.	0,1 mg/M ³	T.W.A.	8 klst
	W.E.L. = Hámarksgildi vinnustaðar (Workplace Exposure Limit) T.W.A. = Vegið meðaltal yfir tíma (Time Weighted Average)				
Varnaraðgerðir	Ryk af völdum skurðar eða borunar á harðri steypu skal takmarka með því að loka því af, aðgerðum til að takmarka það og með uppsogi og síun þar sem mögulegt er.				
Varúðaryfirlýsingar (sjá texta í kafla 15)	P102 P261 P262 P281				
Persónulegur hlífðarbúnaður	Fyrir augu: Notið hlífðargleraugu/andlitshlíf þegar hættu er á slettum eða ryki. Greiður aðgangur þarf að vera að nægu vatni og augnaskolunartækjum. Fyrir hendur: Notið viðeigandi ógegndræpa hlífðarhanska. Fyrir húð: Klæðist langerma jökkum og buxum í fullri lengd til að vernda húðina gegn snertingu við blauta steypu. Yfirhafnir ættu að vera vatnsheldar ef líkur eru á snertingu við blauta steypu. Notið hettu, hjálm eða húfu með stóru skyggni þar sem hættu er á slettum. Notið ógegndræp stígvél til að vernda fætur. Farið úr fötum sem mengast af efni og þvoið þau áður en þau eru notuð af. Þvoið hendur, andlit og aðra líkamshluta, sem komast í snertingu við efnið eftir vinnu. Mælt er með notkun húðkrema eftir vinnu við steypu. Fyrir öndunarfæri: Ekki er þörf fyrir öndunarvörn þegar unnið er með blauta steypu. Þar sem vinna myndar ryk sem ekki er haldið undir viðmiðunarmörkum í töflunni hér ofar (t.d. þegar hörnuð steypa er skorin eða borað er í hana) skal nota öndunargrímu með síu P2.				



**9. kafli: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar**

Útlit:	Ólituð steypa er grá	Lykt:	Lítill, jarðbundin lykt
Sýrustig (pH):	Venjulega 10 - 14	Suðumark:	Ekki ákvarðað
Bræðslumark:	Ekki ákvarðað	Blossamark:	Á ekki við
Eldfimi:	Á ekki við	Sprengimörk; neðri - efri:	Á ekki við
Oxandi eiginleikar:	Á ekki við	Gufuþrýstingur:	Á ekki við
Eðlisþyngd:	Yfir 2,0	Vatnsleysni:	Vatnsleysni er háð blöndu
Fituleysni:	Ekki ákvörðuð	Seigja:	Ekki ákvörðuð
Deilistuðull, n-oktanól/vatn:	Ekki ákvarðaður		

10. kafli: Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	ph-gildi fer lækkandi þegar steypa harðnar. Áhætta á ætiskemmdum hverfur þegar steypa er hörð.
Aðstæður sem ber að forðast:	Engin þekkt.
Efni til að forðast:	Engin þekkt.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Engin þekkt.

11. kafli: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Snerting við húð:	Langvarandi snerting við ferska steypu getur valdið ætiskemmdum á húð.
Snerting við augu:	Slettur eða ryk geta valdið alvarlegum augnskaða. Mikilvægt er að skulun hefst strax.
Við innöndun:	Ryk veldur ertingu í öndunarfarum og hósta og getur leitt til öndunarfaraskemmda og sjúkdóma. Innöndun kristallaðs kísils hefur verið tengd við lungnasjúkdóminn silicosis..
Við inntöku:	Inntaka er ólíkleg en getur valdið mikilli ertingu í munni, hálsi og vélinda.
Bráð eiturhrif:	-
Langtímaáhrif:	Endurtekin eða langvarandi innöndun eykur hættu á lungnasjúkdómum.

12. kafli: Hættur gagnvart umhverfinu

Hættur gagnvart umhverfinu:	Þegar steypa er notuð og fargað eins og til er ætlast, er ekki að sjá að hún hafi nein skaðleg áhrif á umhverfið. Steypa veldur ekki verulegri vistfræðilegri hættu. Koma skal í veg fyrir að blaut steypa komist í vatnsföll, skurði og niðurföll. Ef mikið magn steypu kemst í tæri við takmarkað magn vatns getur hún hækkað sýrustig vatnsins og þannig valdið eituráhrifum.
Hegðun í umhverfinu:	Efnið gufar ekki upp
Líffræðileg áhrif:	Efnið brotnar ekki niður lífrænt. Ekki talið hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
Aðrar vistfræðilegar upplýsingar	Ekki til staðar

**13. kafli: Förgun**

Ónotuð steypa:	Endurvinnið eftir söfnun ef hægt er
Eftir hörnun:	Hörnuð steypa er flokkuð sem „ekki hættuleg“ og „óvirk“ en skal fargað með öruggum hætti í samræmi við landslög. Á Íslandi gilda ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Óhreinsaðar umbúðir	Á ekki við.

14. kafli: Flutningur

Sérstakar kröfur um flutning:	Engar - Efnið fellur ekki undir reglur um flutninga á hættulegum farmi. Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.
--------------------------------------	---

15. kafli: Upplýsingar sem lög, reglugerðir og reglur krefjast varðandi notkun efnisins eða vörutegundarinnar

Innihald	Sement EB nr.: 266-043-4.
Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:	Reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum.
EB 1272/2008: Hætta	Augnskaði, 1 áhrif á húð, 1 erting í húð 2 STOT SE3 (innöndun ryks)
Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:	H315 - Veldur ertingu í húð. H316 - Veldur vægri ertingu í húð. H317 - Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. H318 - Veldur alvarlegum augnskaða. H335 - Getur valdið ertingu í öndunarferum. H372 - Veldur skemmdum á líffærum við langvarandi og endurtekna útsetningu. (Innöndun á öndunarkísil ef hörð steypa er skorin eða boruð). H411 - Langvarandi eituráhrif á lífríki vatns.
Texti varúðaryfirlýsinga sem fram koma í lið 8:	P102 - Geymið þar sem börn ná ekki til. P261 - Forðist að anda ryki / gufu / gasi / þoku / gufu. P262 - Varist að berist í augu, á húð eða á fatnað. P281 - Notið persónuhlífar eins og krafist er.

16. kafli: Aðrar upplýsingar.

Gert þann:	24.06.2024
Unnið af:	Steypustöðin ehf Malarhöfða 10, 110 Reykjavík, sími 4400400
Annað:	Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi á þeim tíma þegar þetta öryggisblað var gert. Þær fela ekki í sér ábyrgð á efniseiginleikum. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.